

Fundargerð

164. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn þriðjudaginn 10. júní 2014, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykktar og undirrituð.**
2. **Skýrt frá umræðum á vorkundi HES, MAST, UST og ráðuneytis.**

Alfreð Schiöth skýrði frá árlegum fundi framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæða með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og ráðuneyti; fundurinn var með hefðbundnu sniði, m.a. var fjallað um tilhögun eftirlits með fæðubótarefnum; MAST íhugar að fella niður kvöð um að innflytjendur tilkynni vörur til stofnunarinnar. Einnig var fjallað um innflutning á kjöti og nefnt dæmi um vanmerkt kjöt í dreifingu. Umhverfisstofnun hafði forsögu um mikilvægi samstarfs um skráningu eftirlits í sameiginlegan gagnagrunn. Ráðuneyti kynnti áformaðar breytingar á regluverki sem snerta starf heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

3. **Tilkynning um nýtingu á heimild s.k.v. 2. gr. reglugerðar nr. 773/2012 um breytingu á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, til þess að hafa einn laugarvörð sem jafnframt sinnir tilfallandi störfum við laugarbakka og selur aðgang ofan í laug.**

Þórey Agnarsdóttir kynnti breytingu á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og skýrði frá erindi frá Grýtubakkahreppi þar sem vísað er til fyrrnefndrar reglugerðarbreytingar.

4. **Númerslausir bílar og lausadót, verklagsreglur.**

María Markúsdóttir skýrði stöðu mála varðandi endurskoðun á verklagsreglum Akureyrarbæjar og heilbrigðiseftirlits varðandi númerslausa bíla og lausadót á götum, bílastæðum og lóðum í Akureyrarbæ. Umræður urðu um mikilvægi þess að ganga á eigendur númerslausra bíla (síðasta skráða eiganda) og lausadóts vegna þess kostnaðar sem fellur til vegna dráttar, flutnings og geymslu á yfirgefnum númerslausum bílum og lausadóti sem er skilið eftir í óþökk bæjaryfirvalda, fyrirtækja og einka aðila.

5. **Niðurstöður sjósýna úr Pollinum, Akureyri.**

María Markúsdóttir kynnti niðurstöður sjósýna í Pollinum, þ.e. sýni sem tekin hafa verið þar sem sjósund er stundað frá líkamsræktarstöðinni Átak og þar sem sumarstarf siglingaklúbbsins Nökkva fer fram. Fyrirhugað er að endurtaka sýnatöku og niðurstöður verða kynntar hagsmunaaðilum. Einnig var rætt um nálægð aðalútrásar Akureyrarbæjar við útivistarfjöru í Sílabás og mikilvægi þess að koma þar fyrir skilti sem vari við skólpmengun.

Umsagnir:

6. **Umsögn til Akureyrarbæjar vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir 2. áfanga Hálanda, Akureyri.**
7. **Umsögn til Akureyrarbæjar vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Hagahverfi, 3. áfanga Naustahverfis.**
8. **Umsögn til Dalvíkurbyggðar vegna deiliskipulags Klængshóls í Skíðadal, Dalvíkurbyggð.**

Alfreð Schiöth kynnti umsagnir undir lið 6, 7 og 8 og gerði grein fyrir helstu ábendingum og athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Norðulands eystra.

9. **Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við hverfi austan Námafjalls, ásamt breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.**

10. Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar. Breytingartillaga.

Porkell Björnsson kynnti umsagnir undir lið 9 og 10 og gerði grein fyrir helstu ábendingum og athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Design hár ehf, kt. 650414-0120, Kaupangsstræti 1, 600 Akureyri. Eiegendaskipti; nýir eigendur eru Íris Fönn Gunnlaugsdóttir og Guðný Björk Jónsdóttir. **Samþykkt.**
2. Bogfimisetrið ehf, kt. 710812-0550, Austursíðu 2, 603 Akureyri, kennsla og námskeið í bogfimi, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
3. Bílklúbbur Akureyrar, kt. 660280-0149, Hlíðarfjallsvegur 13, 601 Akureyri. Umsókn um tímabundið starfsleyfi fyrir tjaldsvæði í tengslum við bíladaga 12-18. júní. **Samþykkt.**
4. Símon Þór Símonarson kt. 071078-3109, Höfðahlíð 14, 603 Akureyri, f.h. Garðaþjónustunnar járinnsækir, um leyfi til garðaúðunar og fyrir eyðingu meindýra. **Samþykkt.**
5. Orkey ehf., kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri. Endurnýjun starfsleyfis fyrir mörbræðslu. **Samþykkt til 6 mánaða.**
6. GPO ehf., kt. 500609-0360, Súluvegi 2, 600 Akureyri. Endurnýting úrgangs. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**
7. Hörgársveit, kt. 510101-3830, Þelamerkuskóla, 601 Akureyri. Fráveita frá sláturhúsi B.Jensen á Lónsbakka. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt með ákvæði um vöktun viðtaka og árlegar mælingar á virkni skólphreinsunar.**
8. Gisting Akureyri ehf, Skipagötu 6, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúðum. **Samþykkt.**
9. Alaska Mini Market, kt. 441213-0420, Ráðhústorgi 3, umsókn um starfsleyfi vegna matvöruerslunar og sölu á samlokum og ferskum safa. **Samþykkt.**
10. Agnes Harpa Jósavinsdóttir, kt. 190180-3449, Gilsbakkavegi 9, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar. **Samþykkt.**

11. Brunnhús ehf, kt. 441202-3340, Grænugötu 12-0301, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
12. Vesturkantur, kt. 541008-0630, Hrímland 16, Hálöndum 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
13. Garðræktarfélag Reykhverfunga kt. 570169-7779, Hveravöllum 641 Húsavík. Endurnýjun. **Samþykkt.**
14. Marínó Jónsson ehf, kt. 711296-2049 Steinholti 6 685 Bakkafirði. Starfsleyfi v/ mengunarvarna fyrir fiskvinnslu. **Samþykkt.**
15. Mývatn ehf kt. 520491-1399 starfsleyfi fyrir rekstur veiðiheimilisins Hofa 660 Mývatn. **Samþykkt.**
16. Laufey Skúladóttir, kt. 190558-2169, Stórutjörnum Þingeyjarsveit. Heimagisting. **Samþykkt.**
17. Reynihlíð ehf kt. 6712610119. Starfsleyfi fyrir rekstur Hótel Reykjahlíðar. Endurnýjun og nýr eigandi. **Samþykkt.**
18. BFF ehf. kt. 700513-0170, Veiðiheimilið Rauðhólar, Laxárdal. Endurnýjun og nýr eigandi. **Samþykkt.**
19. Línu bakkelsi Ólína Arnkelsdóttir, kt. 050557-2199, Hraunkoti 2, 641 Húsavík. Framleiðsla og sala á kaffibrauði, s.s. ástarpungum og fl. **Samþykkt.**
20. Jarðboranir hf, kt. 590286-1419, Hlíðarsmára 1, 201 Kópavogi. Starfsleyfi fyrir borun á Þeistareykjum, svelgholur, neyðarlosunarholur, niðurrennslishola og vatnstökuholur. **Samþykkt.**
21. Elín B. Hartmannsdóttir, kt. 030355-3859, Brúnagerði 4, 640 Húsavík. Heimagisting. **Samþykkt.**
22. Sumarbúðirnar Ástjörn, kt. 580269-0609, Starfsleyfi. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 mánaða.**
23. Einishús ehf, kt. 650907-1400, sumarhús á Einarstöður í Reykljadal, viðbót-fimmta hús. **Samþykkt.**
24. Ljósveitingabúð, kt. 590602-2640, félagsheimili, veitingastaður I. **Samþykkt.**

Önnur mál:

María Markúsdóttir skýrði frá máli sem var til umfjöllunar á síðasta fundi heilbrigðisnefndar varðandi urðun á úrgangi frá húsarífi í óleyfi á lóð í Akureyrarbæ. María og skipulags- og byggingafulltrúi Akureyrarbæjar áttu fund um málið með hlutaaðeigandi aðilum og gerðar hafa verið ráðstafanir til að atvik sem þessi endurtaki sig ekki. Óleyfilega losun og landmótun og urðun hefur átt sér stað á umræddu athafnasvæði um all nokkurt skeið og ekki var talin ástæða til að krefjast þess að fyrrnefnt húsarífi yrði grafið upp; sbr. umræður á fundi heilbrigðisnefndar þann 7. maí s.l.

Alfred Schiöth skýrði frá því að hagsmunadilar í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi hafa haft samband við heilbrigðiseftirlitið og skýrt frá væntanlegum aðilaskiptum vegna reksturs á hóteli í Sveinbjarnargerði II c og II d. Í þessu sambandi var m.a. rætt um reglugerð um (10.) breytingu á reglugerð nr. 785/1999 dags. 27. febrúar s.l. um aðal- og deiliskipulag og umsagnir viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45.

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Jón Helgi Vigfússon

María Markúsdóttir

Steinn Karlsson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir